

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Sunnuhlíð, íbúðarbyggð, Flúðum.

Um er að ræða óverulega deiliskipulagsbreytingu sem tekur til íbúðarbyggðar að Sunnuhlíð. Í breytingunni felst m.a. að lóðum fyrir parhús er breytt í lóðir fyrir raðhús. Samþykkt í sveitarstjórn 5. janúar 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. janúar 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 25. janúar 2023